

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir árið 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalda vera 1. desember og eindagi 1. febrúar 1986.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi nr. 236/1984 fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 445/1978 um flokkun eiturefna og hættulegra efna, með síðari breytingum.

1. gr.

Nýtt efni á lista IV A:

METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAL)

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. október 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað nr. 318 frá 23. júní 1981.

1. gr.

11. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Gróðurskálar innangengir úr húsum 1½%.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. málsgrein, svohljóðandi:

Bæjarráði er heimilt þegar ástæða þykir til að ákveða rýmri greiðslutilhöggun á gatnagerðargjöldum en að ofan greinir.